

BORGARRÁÐ 12. mars 2020: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kostnað og notkun leigubíla. - R20030117

Fram kemur í svari við fyrirspurn um bílaflota Reykjavíkurborgar að borgin eigi alls 105 bíla og þar af 56 fólksbíla sem metnir eru á 36.365.000. Flokkur fólksins óskar eftir upplýsingum um hverjir nota þessa bíla og í hvaða tilgangi.

Leigubílar eru einnig nýttir í miklum mæli af starfssviðum Reykjavíkurborgar og allra mest á velferðarsviði. Fulltrúi Flokks fólksins hefur óskað eftir upplýsingum um leigubílanotkun starfsmanna velferðarsviðsins og ráðsins sundurliðað eftir erindum, deildum og starfstitli á árunum 2019 og 2018. Einnig hefur verið óskað eftir upplýsingum um hvort einhverjar starfsreglur eða einhver viðmið gildi um leigubílanotkun á vegum borgarinnar sem veiti leiðsögn um hvenær eigi að kaupa leigubifreiðaakstur og hvenær ekki. Svör hafa ekki borist enn við þessum fyrirspurnum.